

Verðtilfærslusjóður SAM 2025

Í samræmi við heimild í 13. grein laga nr. 99/1993 hafa aðildarfélög SAM gert samning sín á milli um verðtilfærslu milli ákveðinna mjólkurafurða. Framkvæmd og fjárreiður verðtilfærslunnar er í höndum SAM.

Í verðtilfærslusjóð SAM eru innheimt gjöld af sýrðum vörum öðrum en jógúrt, rjóma og sérostum. Þyngst vega tekjur sjóðsins af gjaldi á rjóma.

Greitt er úr sjóðnum vegna sölu á nýmjólk, hreinu skyri, smjörva, mögrum ostum (Gouda 17% og Mozzarella), iðnaðarmjólkurdufti, undanrennufti og kálfafóðri.

Eftirfarandi er rekstraryfirlit verðtilfærslusjóðs SAM árin 2025 og 2024:

	2025	%	2024	%
Inngreiðslur:				
Innheimt verðtilfærsla	261.958.834	100,0	266.003.987	100,0
Samtals til ráðstöfunar	261.958.834	100,0	266.003.987	100,0
Útgreiðslur:				
Greidd verðtilfærsla til afurðastöðva	127.013.019	48,5	127.572.072	48,0
Niðurgreiðsla iðnaðardufts	92.855.049	35,4	96.448.176	36,3
Annað	3.929.383	1,5	3.990.060	1,5
Samtals ráðstafað	223.797.451	85,4	228.010.308	85,7
Innheimt umfram útgreiðslur	38.161.383	14,6	47.518.992	14,3
Afgangur færður til næsta árs	331.869.987		293.708.604	

Velta verðtilfærslusjóðs SAM lækkaði um fjórar milljónir milli ára. Innheimt verðtilfærsla árið 2025 voru um 262 milljónir en útgjöld sjóðsins voru 224 milljónir. Innheimta var um 38 milljónum króna hærrí en útgjöldin og inneign í sjóðnum í árslok 2025 voru tæpar 332 milljónir króna.